

Fundargerð

Árið 2022, mánudaginn 28. nóvember kl. 11:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólgötu 7.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir og Margrét Þórarinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aroni Gústavssyni, og Ragnari Ágústi Róbertssyni, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 1. nóvember 2022.

Fundargerð frá 1. nóvember var samþykkt án athugasemda.

2. Greiðslu og rekstraráætlun 2022

Lögð var fram til kynningar uppfærð greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2022. Áætlunin byggir á forsendum um áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2022, endanlegum útsvarsstofni sveitarfélaga á árinu 2021 og áætluðum útsvarsstofni sveitarfélaga árið 2022.

Endaleg greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2022 verður lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu á næsta fundi ráðgjafarnefndar.

3. Framlög vegna fjárhagserfiðleika

Sveitarfélagið Vogar

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 25. nóvember 2022, um umsókn Sveitarfélagsins Voga um framlag vegna fjárhagserfiðleika.

Sveitarfélagið óskar eftir 5 m.kr. framlagi, í samræmi við kostnaðarmat og verkefnalýsingu frá KPMG.

Leitað verður umsagnar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga á beiðni Sveitarfélagsins Voga.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fresta ákvörðun um þessa umsókn og biða álits Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

4. Gæðaeftirlit

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 14. nóvember 2022, um umsókn Kópavogsbæjar f.h. sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu að Reykjavíkurborg undanskilinni um að Jöfnunarsjóður greiði launakostnað vegna gæðaeftirlits í málaflokki fatlaðs fólks.

Áætlaður kostnaður vegna verksins eru 16,4 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fresta ákvörðun um þessa umsókn til næsta fundar. Starfsmanni var falið að afla frekari upplýsinga um verkefnið.

5. Fasteignasjóður

Kópavogsbær – Aðgengisframlög

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Kópavogsbæjar, dags. 31. október 2022, um framlag vegna uppsetningar á raf-hurðaopnun á innri hurð anddyris í Tónlistarskóla Kópavogs. Kostnaður vegna verksins var 357.236 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 178.618 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykka að veita framlag að fjárhæð 178.618 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Reykjavíkurborg – Aðgengisframlög

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Reykjavíkurborgar, dags. 10. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum.

Sótt er um framlag vegna ýmissa framkvæmda við:

- Ártúnsskóla
- Breiðagerðisskóla
- Hagaskóla
- Hlíðaskóla
- Laugarnesskóla
- Leikskólann Geislabaug
- Leikskólann Ösp
- Félagsmiðstöðina Ársel – Tían
- Ráðhús Reykjavíkur
- Árbæjarlaug
- Vesturbæjarlaug
- Laugardalslaug
- Laugardalshöll

- Aðalstræti 10, elsta hús í miðbæ
Reykjavíkur

Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir eru 61.665.724 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 30.832.862 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 30.832.862 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Akureyrarbær – Aðgengisframlög

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Akureyrarbæjar, dags. 22. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt er um framlag vegna kaupa á færanlegri sundlaugalyftu, rampagerðar við innisundlaug, kaupa og uppsetningar á útileiktækjum fyrir fötluð börn, kaupa á nýrri hjólastólalyftu í Lautina, athvarf fyrir fólk með geðraskanir. Heildaráætlaður kostnaður þessara verkefna 41.674.728 kr.

Vert er að taka fram að ekki fylgdi með umsókninni við hvaða sundlaug þessar framkvæmdir eiga að vera. Nefndin ítrekar því að mikilvægt sé að fullnægjandi gögn berist með umsóknunum.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 20.837.364 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 20.837.364 kr. vegna framkvæmdarinnar þegar fullnægjandi gögn hafa borist Fasteignasjóði.

Austurland

a. Skipting framlaga vegna aðgengismála milli sveitarfélaga þjónustusvæðisins

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 25. nóvember 2022, um skiptingu framlaga vegna aðgengismála á Austurlandi.

Þar sem sveitarfélögin á Austurlandi kjósa frekar að senda umsóknir um framlög vegna aðgengismála hvert fyrir sig, í stað þess að senda sameiginlegar umsóknir í gegnum þjónustusvæðið eins og gert er ráð

fyrir í vinnureglum um framlög vegna aðgengismála, ákvað starfsmaður Jöfnunarsjóðs að gera tillögu að skiptingu framlagsins.

Tillagan er sú að skiptingin verði hlutfallsleg miðað við fjölda einstaklinga sem hljóta framlög vegna málefna fatlaðra (á SIS og kostnaðargrunni) í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Aðgengisframlögin myndu þá skiptast þannig:

	Fjöldi fatlaðra	Framlag p. Sv.f.
Fjarðabyggð	12	3.705.859
Múlaþing	24	7.411.718
Vopnafjarðarhreppur	2	617.643
Fljótsdalshreppur	0	-
Samtals	38	11.735.220

Starfsmaður hefur þegar sett sig í samband við sveitarstjórana á Austurlandi og fengið frá þeim staðfestingu að þau séu samþykk þessari skiptingu. Þó er vert að taka fram að ekki barst svar frá Fljótsdalshreppi.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja skiptingu framlags vegna aðgengismála á Austurlandi eins og er gert hér að ofan.

b. Fjarðabyggð – Aðgengisframlög

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Fjarðabyggðar, dags. 7. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt er um framlag vegna framkvæmda við:

- Egilsbúð í Neskaupstað
- Leikskóla Stöðvarfjarðar
- Grunnskóla Reyðarfjarðar
- Dagdvöl aldraðra á Breiðdalsvík
- Skólamiðstöð Fáskrúðsfjarðar
- Eskifjarðarskóla á Eskafirði
- Nesskóla í Neskaupstað
- Leikskólann Eyrarvelli í Neskaupstað

Áætlaður heildarkostnaður eru 37.198.786 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 18.599.393 kr.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Austurlands geti numið 11.735.220 kr., en þar sem umsóknin barst frá sveitarfélaginu

en ekki frá þjónustusvæðinu, eins og vinnureglur um aðgengisframlög segja til um, var ákveðið að skipta framlaginu hlutfallslega niður með tilliti til fjölda fatlaðra einstaklinga í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Hlutur framlagsins til Fjarðabyggðar er því 3.705.859 kr. Áður hafa engin framlög verið samþykkt til Fjarðabyggðar til úrbóta á aðgengismálum. Því myndi framlag Fasteignasjóðs nema 3.705.859 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 3.705.859 kr. vegna framkvæmdarinnar.

6. Almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks

Endanleg framlög 2022

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmann Jöfnunarsjóðs, dags. 24. nóvember 2022, um 3. áætlun vegna almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2022 að fjárhæð 19.270 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja endanlega áætlun fyrir almenn framlög vegna málefna fatlaðra árið 2022 að fjárhæð 19.270 m.kr.

7. Viðbótarframlög vegna fatlaðs fólks

Lagt var fram fyrir nefndina þrjár mismunandi tillögur að aðferðum við skiptingu viðbótaframlaga vegna fatlaðs fólks fyrir árið 2022. Fyrsta aðferðin fer þannig fram að framlaginu er skipt á grundvelli rekstrarniðurstöðu þjónustusvæðanna. Önnur aðferðin fer þannig fram að framlaginu er skipt á grundvelli almennra framlaga. Þriðja aðferðin sem kynnt var er að 70% af framlaginu sé skipt á grundvelli rekstrarniðurstöðu og 30% af framlaginu sé skipt á grundvelli almennra framlaga.

Starfsmaður mun setja upp sviðsmyndir sem sýna betur áhrif og forsendur á bakvið hverja aðferðafræði fyrir sig á næsta fundi ráðgjafarnefndar.

8. Næsti fundur

Næsti fundur ráðgjafarnefndarinnar verður 15. nóvember kl. 12:00

Ekki var meira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:07.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Daníel Jakobsson

Birgir Björn Sigurjónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir